

Mál nr. 87/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn vátryggingartaka (X)

Sönnun tjóns. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 173. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir vinnuslysi 14. júní 2023. M sem telur sig eiga bótarétt úr slysátryggingu launþega hjá V vegna þess slyss, sendi tjónstilkynningu til V 19. nóvember 2024. Í þeirri tilkynningu kemur fram að M hafi í umrætt sinn verið með þjónustunotendum og öðru starfsfólki X í útiveru. Hafi þá annar þjónustunotandi en sá sem M bar ábyrgð á hlaupið á eftir M og stokkið aftan á hana. Hafi hann lent á hægri öxl M með þeim afleiðingum að öxlin hafi brotnað. Jafnframt kemur þar fram að M hafi einnig slasast 6. maí 2023 og að hún hafi verið með hægri handlegginn í fatla af völdum þess slyss er hún slasaðist aftur 14. júní 2023.

Í bréfi V, dags. 17. mars 2025, er bótakröfu M hafnað. Byggir V höfnunina í fyrsta lagi á því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir frekara líkamstjóni í slysinu 14. júní 2023 en rekja má til fyrra slyss hennar 6. maí sama ár. Færir V rök máli sínu til stuðnings. Þá byggir V jafnframt á því, með vísan í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (VSL), að ef M hafi átt einhvern bótarétt vegna slyssins 14. júní 2023 hafi hún glatað honum vegna þess að lögbundinn tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning barst V.

Í málskoti mótmælir M því að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn 19. nóvember 2024. Hafi 1. mgr. 124. gr. VSL verið túlkað með þeim hætti að upphaf eins árs frestsins beri að miða við hvenær tjónþoli hafi raunverulega gert sé grein fyrir því að um varanlegar afleiðingar af líkamstjóni sé að ræða. Byggir M á því að hún hafi ekki gert sér grein fyrir þessu fyrr en liða fór á árið 2024.

Álit.

Í málinu er m.a. ágreiningur um það hvort afleiðingar vinnuslyss sem M varð fyrir 14. júní 2023 hafi orðið aðrar og meiri en raunin varð af völdum fyrra slyss M 6. maí 2023 og að hún eigi því rétt á bótum vegna seinna slyssins.

Í gögnum sem stafa frá sérfræðilækni á Bráðamóttöku, dags. 14. júní 2023, kemur m.a. fram að M hafi þann dag verið greind með tognun og ofáreynslu á aðra og ótilgreinda hluta axlargrindar, þ.e. S43.7. Undir liðnum saga er getið um verk í hægri öxl og haft eftir M að hún hafi 6 vikum fyrr orðið fyrir áverka á hægri axlarlið. Segulómun hafi þá staðfest slæma tognun og beinmar. Síðan er vísað til þess að M hafi lent í slysi við vinnu sína 14. júní og vegna þess sé hún verri af verkjum sem svípar til þess sem var í byrjun eftir fyrra slysið. Undir liðnum rannsóknir segir m.a. að röntgen á öxl sýni óbreytt útlit frá fyrri skoðun. Þá kemur fram að M eigi pantaðan tíma hjá bæklunarlækni.

Í niðurstöðum rannsókna frá Orkuhúsinu, dags. 30. júní 2023, segir eftirfarandi um ómun á hægri öxl M: „Það er hak í yfirborði tuberculum majus á festusvæði supraspinatus sinar. Vekur grun um nánast ótilfært brot í tuberculum majus. Þetta brot sést vel á SÓ frá 19.05.2023 (Hjartavernd) og raunar einnig á RTG rannsókn frá 14.06.2023 (LHS) og því ekki tilkomið í nýrri áverkanum sem varð fyrir tveimur vikum...Niðurstaða: Það eru ummerki um nær ótilfært brot í tuberculum majus svæðin sem er að öllum líkindum eftir áverka fyrir 8 vikum síðan. Það eru tendinosubreytingar og mögulega lítilsháttar trosnun í aðlægum hluta supraspinatus sinar. Engar rifur greinast. Vægur þroti í subacromial bursunni.“

Í læknaþréfi frá Orkuhúsinu, dag. 7. september 2023, kemur fram að M sé með merki um eftirstöðvar eftir tuberculum majus brot og tognun á öxl með bursit og klemmueinkenni. Um sé að ræða langvarandi óþægindi og bati sé hægur. Telur læknirinn rétt að spegla öxlina 19. september 2023 og hreinsa bursitis og gera léttu decompression á henni. M fór í aðgerðina 19. september 2023.

Það er niðurstaða nefndarinnar, með vísan í framangreinda umfjöllun, að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir frekari líkamstjóni í vinnuslysinu 14. júní 2023 en því sem rekja má til fyrra slyssins 6. maí 2023. Því á M ekki bótarétt úr slysaftryggingu launþega hjá V. Af þessum sökum telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðila.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysaftryggingu launþega, hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir